

**Sþ. 941. Tillaga til þingsályktunar**

um sérstakar slysabætur handa Þórði Geirssyni.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að láta fram fara rannsókn á því, hvort ekki beri að greiða Þórði Geirssyni, fyrrv. lögregluþjóni, sérstakar örorkubætur fyrir varanlega heilsubilun, er hann hlaut við skyldustörf sín, og taka síðan á fjárlög árlega fjárhæð til hans, ef í ljós kemur, að ríkinu beri engu síður en Reykjavíkurbæ að bæta fyrir heilsubilun hans.

**G r e i n a r g e r ð.**

Þórður Geirsson hlaut varanlega heilsubilun við skyldustörf sín í þágu ríkis og bæjar. Hann hefur fengið nokkrar bætur úr bæjarsjóði, en þar sem hann er ekki fær til nokkurrar áreynsluvinnu og hefur ekki frá bænum nægilegar þurftartekjur, er þess vænt, að ríkisstjórnin láti rannsaka málið og leggi síðan til í næstu fjárlögum, að honum verði veittur nokkur lifeyrir á 18. gr.